

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Akureyri, 6.6.2024
UST202405-302/G.S.Á.
08.08.02

Efni: Ósk um breytingu á þrýstiprófun biklagna - Colas Ísland hf., bikstöð Hafnarfirði.

Vísað er í tölvupóst frá rekstraraðila, dags. 29. maí 2024, er varðar ósk hans um að rafrænt kerfi sem fylgist með þrýstingsfalli í rauntíma, á biklögnum í bikstöð rekstraraðila að Óseyrarbraut 16, Hafnarfirði, komi í stað hefðbundinna þrýstiprófana skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Erfitt getur reynst að þrýstiprófa biklagnir með hefðbundnum aðferðum vegna eðli efnisins. Settur hefur verið upp viðvörunarbúnaður sem gefur merki við þrýstingsfall í rauntíma, bæði á afgreiðslulögn nr. 1 og löndunarlögn fyrir bik. Yfirlitið er aðgengilegt í rafrænu kerfi í stöðvarhúsi, þar er hægt að sjá þrýsting bæði í rauntíma og yfir valin tímabil í myndriti. Ef þrýstingsfall verður sendir kerfið tilkynningu á þann sem er á bakvakt hverju sinni. Í 20. gr. rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi kemur fram að á fimm ára fresti skuli þrýstiprófa niðurgrafnar olíulagnir á landi og allar löndunarlagnir og að prófanir og úttektir skulu framkvæmdar eftir aðferðum sem Umhverfisstofnun samþykkir. Umhverfisstofnun telur að viðvörunarbúnaðurinn sem hér um ræðir jafngildi hefðbundnum prófunum sem notaðar eru til þrýstiprófunar biklagna.

Umhverfisstofnun felst því á ósk rekstraraðila um að í stað þrýstiprófana á biklögnum á 5 ára fresti, eins og kveðið er á um í gr. 4.2 í starfsleyfi, skuli miða við viðvörunarbúnað sem gefur merki við þrýstingsfall í rauntíma á afgreiðslulögn nr. 1 og löndunarlögn fyrir bik. Aðrar lagnir skulu þrýstiprófaðar skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, eftir því sem við á. Verði viðvörunarbúnaður óvirkur eða falli rauntímaviðvörun niður skal Umhverfisstofnun strax upplýst um breytinguna og gildir þá ákvæði gr. 4.2 í starfsleyfi aftur eins og það stendur.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur